

Nr. 044 / 11 Bjargfugl RE 55***Fékk í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6474
Smíðaður: Kópavogi 1982, plast
Stærð: 8 brl. 7 bt.
Mesta lengd: 9,7m Skráð lengd: 9,15m
Breidd: 2,7m Dýpt: 1,72m
Vél: Yanmar 50 kW 1996
Fjöldi skipverja: 1



Bjargfugl ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. apríl 2011 var Bjargfugl RE 55 á grásleppuveiðum NV af Gróttu. Veður: NV 9 m/s.

Bátsverjinn var að leggja netinn þegar hann fékk þau í skrúfunu og rak áleiðis upp í Gróttu. Hann óskaði eftir aðstoð og Bæjarfell RE 65 dró Bjargfugl RE til hafnar í Reykjavík.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.